

L Ö G

um

38
7. maí

breyting á lögum nr. 11, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. gr. laga nr. 11, 4. júní 1924, skal orða svo:

Umsjónarmaður kirkjugarðsins í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því lögtaksrjettur. Fjármálaráðuneytið setur reglur um fjárskil og bókhald, metur tryggingu, er umsjónarmaður setur fyrir fjárgæslu, og ákveður þóknun til hans fyrir innheimtuna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.